



Fréttabréf forseta

Október 2016

Kæru formenn í Delta Kappa Gamma

Ég vil byrja á því að óska okkur öllum til hamingju með glæsilegan kvennafrídag sem haldinn var hátíðlegur víða á landinu, 24. október. Áfram stelpur! 😊

Í septemberbréfinu bað ég ykkur um að senda mér vetraráætlun deildanna (dagsetningar funda og fundarefni ef það liggur fyrir) og hafa flestar deildir orðið við því. Enn á ég þó eftir að fá frá nokkrum deildum og bið ég formenn þeirra deilda að bregðast fljótt við. Fundardagana hef ég sett undir viðburðadagatalið (**Á næstunni**) á landsambandsvefnum þar sem allir geta fylgst með. Endilega setjið líka vetraráætlunina á vef hvernar deildar.

Vefmál og greiðsla félagsgjalda

Ég minni á að vefritarar þurfa að senda staðfestingu á að deildarvefir uppfylli skilyrði alþjóðasambandsins fyrir **31. október**. Enn eru nokkrar deildir sem ekki hafa sinnt þessu og eru því ekki komnar með uppfært

„viðurkenninguarkerki.“ Ég bendi á að allar deildir þurfa að hafa „virkan“ vefstjóra og er formaður deilda ekki endilega heppilegastur til að sinna því verkefni, því hann hefur oftast nóg annað á sinni könnu. Einnig þurfa félagskonur **að greiða félagsgjöldin fyrir 31. október** því gera þarf upp við gjaldkera landsambandsins fyrir **10. nóvember**.

Bæklingar og vörur

Ef ykkur vantar fleiri kynningarbæklinga þá er lagerinn geymdur hjá Guðbjörgu Sveinsd. síðasta landsambandsforseta. Hún er með netfangið **gugga@mitt.is**. Hafið samband við hana og hún sendir ykkur bæklinga um hæl. Aðrar vörur (nælur og slíkt) geymir gjaldkeri landsambandsins, Jensína Valdimarsdóttir (**gvjv@simnet.is**) og skuluð þið hafa samband við hana vegna kaupa á slíkum vörum.

Nýir félagar og breytingar vegna búsetu

Í síðasta bréfi ræddi ég nokkuð inntöku nýrra félaga og hvert þyrfti að tilkynna um nýja féлага í deildum og annað er viðkemur félagsaðildinni. Alltaf er svo eitthvað um það að konur óski að skipti um deild, t.d.

vegna breyttrar búsetu. Um slík tilfelli segir þetta í [lögum félagsins](#):

Óski félagskona eða aukafélagskona að skipta um deild vegna breytinga á búsetu getur stjórn deildar hennar mælt með inntöku hennar í aðra deild. Í samráði við formenn viðkomandi deilda skal hún senda umsókn þess efnis til landssambandsins þar sem skýrt er hvers vegna hún óskar eftir að skipta um deild. Með umsókninni skal fylgja samþykki þeirrar deildar, sem sótt er um aðild að. Gjaldkeri þeirrar deildar sem félagskona flyst í tilkynnir flutning til gjaldkera landssambandsins og alþjóðasamtakanna. Einnig skal tilkynna féлага- og útbreiðslunefnd flutninginn.

Ég minni svo á, að þegar kona skiptir um deild (eða gengur til liðs við félagsskapinn að nýju eftir að hafa hætt) fer hún eðli málsins samkvæmt ekki í hefðbundið kynningarferli eins og þegar um nýja félagskonu er að ræða og því er nauðsynlegt

að taka vel á móti henni og sjá til þess að kynna hana fyrir öðrum í deildinni um leið og meðlimir deildar eru kynntir vel fyrir henni.

Landsambandsþing

Eins og þið vitið er undirbúningur landsambandsþings næsta vor löngu hafinn og er menntamálanefnd byrjuð að huga að faglegri dagskrá. Á vorþinginu var fókúsin á fjölmenningu. Ef þið hafið tillögu um áhugavert þema til að fókusa á núna í vor, væri gaman að fá ábendingu frá ykkur um það.

Að lokum

Að lokum minni ég á að undir linknum [Starfsemi deilda](#) á vefnum okkar má finna ýmisleg efni, bæði fyrir formenn deilda og vefritara sem gagnast í starfinu og bið ég ykkur endilega um að kynna ykkur það efni.

Bestu kveðjur og gangi ykkur vel!

Eygló Björnsdóttir, forseti DKG

**Verum virkar –
styrkjum starfið**